

## Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2010 þann 12. febrúar kl. 8:00

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Heimir Örn Árnason, Gyða Björk Aradóttir

Fulltrúar nemenda voru ekki boðaðir á þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal 2010-2011.** Skólastjóri kynnti drög að skóladagatali næsta vetrar. Búið er að samræma starfsdaga, vetrarfrí o.fl. við aðra grunn- og leikskóla en eftir er að taka ákvarðanir um nokkur atriði. Nokkrar ábendingar komu fram, dagatalið verður unnið áfram í samstarfi við starfsfólk og stjórnendur Naustatjarnar og mun síðan koma til formlegrar afgreiðslu í skólaráði.
2. **Samstarf heimila og skóla.** Í tengslum við umræðu um skóladagatal voru ræddir punktar í starfsáætlun skólans varðandi samstarf heimila og skóla. M.a. var rædd hugmynd um að eitt viðtal umsjónarkennara við nemendur og foreldra ár hvert, fari fram á heimilum nemanda. Skólaráð er jákvætt fyrir þessari hugmynd og telur hana þess virði að hún sé prófuð. Þetta verður rætt nánar við kennarahópinn og útfærslur skoðaðar. Einnig rætt um skipulagðar foreldraheimsóknir í skólann þar sem foreldrar taka þátt í ýmsum verkefnum o.fl.
3. **Vettvangsferðir.** Rætt um að hafa það sem meginviðmið varðandi ferðir o.þ.h. frá og með næsta vetri, að þeir hópar sem eru í samkenndu fari saman í ferðir, þannig fari t.d. 6. og 7. bekk saman annaðhvert ár í Skólalúðir að Reykjum. Undir þessum lið kom fram ítrekun frá fltr. foreldra á því sjónarmiði að gera þyrfti ráð fyrir því að skólinn gæti fjármagnað þær vettvangsferðir sem farnar væru svo foreldrar þyrftu ekki sífellt að vera að safna fyrir lögbundnu skólastarfi.
4. **Útlit og horfur fyrir næsta vetur.** Innritun nemenda er nú í gangi. Gera má ráð fyrir milli 180 og 190 nemendum í skólanum næsta vetur.
5. **Önnur mál:**
  - a. **Fræðsla um kynferðisofbeldi.** Sara kynnti að til boða stæði brúðuleikhússýning sem felur m.a. í sér forvarnir gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Erindið fer til Foreldrafélagsins en foreldrafélög hafa sumstaðar staðið fyrir þessum sýningum.
  - b. **Fundir með frambjóðendum.** Rætt var um að eðlilegt væri í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga að boða frambjóðendur til fundar með íbúum hverfisins til að ræða áframhald uppbyggingar á skólahúsnæði fyrir leik- og grunnskólabörn í hverfinu. Skólastjóri mun heyra hljóðið í foreldrafélögum og hverfisnefnd vegna þessa máls.
  - c. **Umferð við skólann.** Jón Stefán benti á að það virðist vera aukning á því að foreldrar aki börnum sínum í skólann en það hefur í för með sér mikinn umferðarþunga við skólann. Þeim tilmælum verður beint til foreldra og nemenda að draga úr þessu og nemendur gangi frekar í skólann.

Næsti fundur skólaráðs verður haldinn föstudaginn 12. mars.

Fleira ekki tekið fyrir

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð